

70. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 24. sept. 2009 kl.15:30 – 16:30 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Lárus Valgarðsson, Ásdís Ólafsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Ragna Karlsdóttir og Sigríður Baldursdóttir.

Fundargerð

Fundargerð 69 samþykkt.

Fjármál

Gengið hefur á höfuðstól Alnæmisbarna því inneignin er í dag kr. 485.000,-. Það dugar fyrir næstu greiðslu til CLF sem er í janúar á næsta ári. Síðustu tvær greiðslur til CLF voru kr. 417.000,- í maí og kr. 470.000,- þann 10. september, en greiðslur Alnæmisbarna til CLF eru þrjár á ári. Ástæðan fyrir þessarri hækkun er lægra gengi íslensku krónunnar, kostnaðurinn við að senda greiðsluna í gegnum Western Union hefur hækkað, en hann er ákveðin % er af upphæðinni. Ásdís upplýsir að það taki langan tíma að ganga frá hverri greiðslu fyrir sig, alveg upp í heilan dag. Hún hefur átt erfitt með að opna 2 geisladiska frá fyrri gjaldkera, ætlar Ingibjörg að kanna hvort hún geti opnað þá. Þeir auðvelda m.a. sundurgreiningu á innkomu tekna Alnæmisbarna. Mikilvægt er að geta metið hverjar tekjur Alnæmisbarna verða til þess að geta skipulagt betur framtíðarfjáröflun okkar, en eins og er erum við að styðja við 25 stúlkur sem ganga í almenna skólakerfið. Ingibjörg ætlar að skrifa bréf til félagsmanna til þess að biðja þá um að greiða félagsgjaldið í ár, en samþykkt var að hækka það í kr. 3000,- á síðasta aðalfundi. Einnig hafa samband við Reykjavík Geothermal sem styrkir rekstur CLF með \$ 700 – 1000 á mánuði, en við höfum milligöngu um að koma styrkveitingu þeirra til CLF.

Kringlan

Ákveðið að vera með fjáröflun í Kringlunni 5. des. og selja kökur og kerti. Reynslan frá fyrra ári sýndi að hnallþórir voru vinsælastar. Ásdís ætlar líka að kanna hvort hægt sé að baka rúgbrauð á vinnustaðnum sínum til sölu í Kringlunni. Hildur hefur samband við Kringluna upp á tíma- og staðsetningu.

Rætt um að bjóða ekki upp á rafræn jólakort í ár, þess í stað kanna hvort þau fyrirtæki sem hafa stykt félagið á síðustu árum geti styrkt okkur aftur í ár, fyrirtæki eins og ISOR, Frostmark og Orkuveitan.

Heimasíðugerð

Ákveðið að Lárus og Hildur fari á námskeið hjá Hringbroti 2. okt. kl.10 til að læra að setja inn fréttir og myndir á heimasíðuna okkar. Komin er ný útgáfa af World Press sem er einfaldari í notkun en sú sem Alnæmisbörn notar í dag.

Fundartími stjórnar

Stjórn Alnæmisbarna ætlar að hittast annan fimmtudag í hverjum mánuði fram að jólum kl. 16 – 17 á Kaffitári við Borgartún. Þetta verða dagarnir 8. okt., 12. nóv. og 10. des.

Önnur mál

Hildur fer þann 12. okt. til Soroptimistafélagsins í Kópavogi til að segja frá félaginu Alnæmisbörnum. Fær lánaðar myndir frá CLF hjá Sigurlaugu og Ingibjörgu áður en hún fer.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar